

Skýrsla dómarnefndar 2022-2023

Íshokkísamband Íslands
Guðlaug I Þorsteinsdóttir

Tímabilið

Í upphafi tímabils var hóað í alla skráða dómara landsins og þeir boðaðir á fund í Egilshöll. Að auki var formaður aganefndar ÍHÍ boðaður. Farið var yfir helstu áskoranir síðasta tímabils og lagðar línur með komandi tímabil. Tímabilin á undan hafa verið afar krefjandi þar sem munnsöfnuður, rasískar athugasemdir og óþróttamannsleg hegðun leikmanna hefur tekið mikinn toll, þá bæði í garð dómara og leikmanna. Ákveðið var að gefa ekkert eftir í þessum efnum og tilkynning var send á öll félög um að dómarar hefðu samstillt strengi sína í þessum efnum og rætt hvernig ætti að standa að brotum sem þessum. Lagt var upp með mánaðarlega fundi dómara til að auðvelda störf dómara og greiða úr ef ágreiningar kæmu upp. Í kjölfarið var félögum var gert kunnugt um reglubreytingar og hlutverk aganefndar í brotunum game og match.

Öllum skráðum dómurum var úthlutaður fatnaður. Allt hugsað til þess að leikumgjörð væri fallegri og dómarar leiks sýndu frekar liðsheild þegar mætt er til leiks enn fram að þessu hafa dómarar oft mætt beint úr vinnu í leiki, verandi í vinnuklæðnaði.

Við upphaf tímabils voru skráðir dómarar frá félögunum eftirfarandi:

SA	SR	Fjölnir	ÍHÍ
Sæmundur Þór Leifsson	Sindri Gunnarsson	Óli Þór Gunnarsson	Leon Hafsteinsson
Dúi Ólafsson	Ævar Þór Björnsson*	Vilhelm Már Bjarnason	
Guðni Helgason		Elva Hjálmarsdóttir	
		Ingibjörg G. Hjartardóttir	
		Andri Magnússon	
		Guðlaug I. Þorsteinsdóttir**	

*Einnig skráður leikmaður í meistaraflokki félagsins

**Barnshafandi við upphaf tímabils

Það stenfdi því í að 12 dómarar myndu manna 89 deildarleiki í 3 höllum, leiki sem eru spilaðir hjá U16, U18, meistaraflokkum kvenna og karla. Þetta er fyrir utan úrslitakeppnir sem voru 8 leikir til viðbótar auk æfingaleikjum landsliða. Væru allir leikir mannaðir í 3ja dómara kerfi, eins og ákjósanlegast er, væri um að ræða 264 stöður dómara sem 12 aðilar þyrftu að skipta á milli sín. Það eru um 22 leikir á hvern skráðan dómara, ef allir væru að dæma jafnt. U16 var því dæmt í 2ja dómara kerfi, U18 að hluta til dæmt í 2ja dómara kerfi, þegar ekki tókst að manna allar stöður en meistaraflokkarnir voru alltaf dæmdir með 3ja dómara kerfi.

Liðsstyrkur og breytingar á högum dómara

Snemma í tímabilinu barst okkur liðsstyrkur þegar Viktor Sinsky mætti í Skautahöllina á Akureyri. Viktor er frá Slóvakíu en var búsettur á Íslandi í vetur vegna náms kærustu sinnar. Viktor tók virkan þátt í dómgæslu í U16, U18, mfl kk og mfl kvk. Hann ferðaðist oft til Reykjavíkur til að aðstoða þegar ómögulegt reyndist að manna leiki með dómurum sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu.

Helgi Páll Þórisson leysti einnig af, dustaði rykið af skautunum sínum og aðstoðaði þegar vantaði.

Sigrún Agatha steig upp sem dómari og tók stöður í nokkrum U16 leikjum með góðum árangri.

Sölvi Freyr Atlason kom að auki inn.

Gunnar Arason dæmdi bæði í Reykjavík og fyrir norðan.

Ævar Arngrímsson dæmdi í Reykjavík

Styrmir Snorrason dæmdi í Reykjavík

Jakob Ernfelt Jóhannesson dæmdi í Reykjavík og fyrir norðan

Tómas Guðnason dæmdi fyrir norðan

Viggó Hlynsson dæmdi í Reykjavík

Stígur Hermannsson dæmdi í Reykjavík

Þá gerðist það einnig að Hermann Aspar óskaði eftir að segja sig frá dómarastörfum þetta tímabilið og Dúi Ólafsson dróg sig í hlé.

Áskoranir

Við upphaf tímabils var fyrirhugað að halda dómaranámskeið. Það var eitthvað sem komst því miður ekki í verk og má rekja það til mikils álags í dómgæslu og lítinn frítíma yfirdómara. Hinsvegar, þótt hugmyndir um framkvæmd hafi verið til staðar voru þær lítið mótaðar við upphaf tímabils og mikil vinna fór í að vinna úr þeim aðstæðum sem komu upp jafnóðum.

Í tvígang í vetur lentu dómarar í óskemmtilegum uppákomum við starfsmenn í ritaraboxi. Atvikunum var lýst á ólíkan hátt en eru að mati formanns dómaranefndar eitthvað sem hægt er að koma í veg fyrir séu allir sem koma að umgjörð leiksins upplýstir um sín hlutverk og hvernig haga skal samskiptum á meðan leik stendur.

Það hefur að sama skapi komið uppá að ekki sé tilbúinn klefi fyrir dómara þegar dómara mæta til leiks. Auðvelt ætti að vera að leysa svoleiðis mál áður en leikur hefst.

Það er alltaf ákveðin áksorun að manna leiki. Sérstaklega þegar margir leikir eru spilaðir sömu helgina, eða þegar barnamót skarast við stórar leik helgar og jafnvel landsliðs ferðar. Við erum ekki með nægilega mikinn mannskap til að standa straum af sex leikja helgi á höfuðborgarsvæðinu svo dæmi sé tekið. Enn þær aðstæður hafa komið upp þar sem tvíhöfði hjá þremur liðum var spilaður sömu helgina, allir í Reykjavík, þar af þrír leikir sama laugardaginn. Umrædd leikhelgi var 2.-4. Desember. Febrúar mánuður var að sama skapi frekar krefjandi í mönnun, þar runnu saman U14 mót í Laugardal og U18 og mfl kk leikur í Egilshöll á sama tíma. Fyrir norðan kom einnig upp sú áskorun í apríl að U16 leikir voru spilaðir meðan landslið karla var á HM og U10 mót var í laugardalnum.

Mönnun í vetur var þannig háttáð að Guðlaug sá um að setja upp dómarskjalið og raða á alla leiki enn Sæmundur tók við keflinu að öllu sem snéri að leikjum á Akureyri, ef breyta þurfti einhverju. Konráð og Sindri, yfirdómari, mönnuðu úrslit karla og úrslit kvenna án aðkomu annarra dómara.

Ætla má að fundir dómara á 4 vikna fresti sé of mikið á köflum þar sem örar landsliðsferðir þynna leiki deildarinnar yfir ákveðin tímabil og af þeim sökum lítið að ræða. Því voru felldir niður fundir þegar lítið hafði verið í gangi þótt símtöl og samskipti formanns við flesta dómara hafi verið nokkuð ör.

Alþjóðastarf

Dómurum ÍHÍ var úthlutað verkefni 8 verkefni í vetur, einni stöðu var synjað. Elva Hjálmarsdóttir, Ingibjörg G. Hjartardóttir var úthlutað hvoru verkefni fyrir sig, Sæmundur Þór Leifsson, Óli Þór Gunnarsson og Sindri Gunnarsson fengu allir tvö verkefni, Sæmundur komst þó aðeins í annað verkefnið. Að auki bauðst Elvu að taka þátt á stærsta unglingamóti Svíþjóðar.

Um er að ræða 9 stór verkefni sem sambandið fékk fyrir sína dómara í vetur og gengu þau öll vonum framár.

Nýliðun og endurmenntun

Yfirdómari og formaður dómaranefndar hafa þegar rætt saman og lagt drög að námskeiðum sem hefjast í haust, bæði til þess að skerpa á því sem virkir dómara kunna nú þegar og til þess að fá inn fleiri einstaklinga til þess að dæma. Það má þó ekki gleyma því að það tekur alltaf langan tíma að full þjálfu upp dómara og ólíklegt að við fáum inn einstaklinga til að dæma á meistaraflokks leikjum strax á nýju tímabili.

Möguleikar til úrbóta

Það myndi breyta miklu ef mótaskrá yrði lesin yfir frá sjónarhorni dómara áður en hún er samþykkt. Skilningur er fyrir því að þúsuspilið um ístíma og að ná öllu innan tilsetts tímaramma skipti máli enn miðað við líðandi tímabil gæti skipt sköpum að lengja tímabilið um hálfan mánuð

uppá að eiga tvær auka helgar fyrir leiki í staðin fyrir að þvinga of mörgum leikjum á sömu dagana, það mörgum að við ráðum ekki við að manna þær á faglegan máta.

Sú hugmynd hefur einnig komið upp á borð formanns að upplýsingar um úthlutaðan klefa fyrir dómara liggi fyrir á sama tíma og leiktími leiks er gefinn út. Þetta væri hægt með því að útfæra auka dálk í dómradagskrá þar sem klefi væri gefinn upp í dálki samhliða öðrum grundvallarupplýsingum. Með lítilli breytingu á borð við þessa tillögu mótast umgjörð leiksins mun betur og óvissuþáttum fækkar.